

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. janúar 2011 í máli nr. E-1998/2010:

**Íslandsbanki hf.**

*(Andri Árnason hrl.)*

**gegn**

**Magnúsi Trausta Ingólfssyni**

*(Jónas Haraldsson hrl.)*

### I.

Mál þetta, sem var dómtekið 2. desember 2010, er höfðað af Íslandsbanka hf., Kirkjusandi í Reykjavík, gegn Magnúsi Trausta Ingólfssyni, Laxakvísl 25 í Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru **aðallega** þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 4.560.049 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 19. október 2009 til greiðsludags. **Til vara** krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 1.532.726 íslenskar krónur, 4.311,57 bandarískir dollarar, 7.865,40 evrur, 5.340,46 svissneskir frankar og 250.033 japönsk jen ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 1.532.726 krónum, 4.311,57 bandarískum dollurum, 7.865,40 evrum, 5.340,46 svissneskum frönskum og 250.033 japönskum jenum frá 19. október 2009 til greiðsludags. **Til þrautavara** krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.996.547 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 19. október 2009 til greiðsludags. **Til þrautþrautavara** krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.994.384 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 19. október 2009 til greiðsludags. **Til þrautþrautþrautavara** krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.838.519 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 19. október 2009 til greiðsludags. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk virðisaukaskatts.

Stefndi krefst **aðallega** sýknu af öllum kröfum stefnanda en **til vara** að honum verði einungis gert að greiða stefnanda 3.065.452 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 19. október 2009 til greiðsludags. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda og að tekið verði þá tillit til þess að stefndi er ekki

virðisaukaskattskyldur.

## II.

### *Málsatvik*

Stefndi eignaðist stofnfjárbréf í Sparisjóði vélstjóra árið 2001. Sá sparisjóður sameinaðist Sparisjóði Hafnarfjarðar árið 2006 og hinn sameinaði sparisjóður fékk skömmu síðar heitið Byr sparisjóður. Í nóvemberlok 2007 var stofnfjáreign stefnda 324.536 krónur að nafnverði.

Með bréfi stjórnar Byrs sparisjóðs 28. nóvember 2007 var öllum stofnfjáreigendum, þ.á m. stefnda, tilkynnt að ákveðið hefði verið að auka stofnfé í sparisjóðnum um 23.726.114.700 krónur. Yrði það gert með útboði þar sem stofnfjáreigendur gætu skráð sig fyrir nýju stofnfé. Í bréfinu kom fram að nafnverð hins nýja stofnfjár yrði 12.200.000.000 króna og að verð hvers stofnfjárhluta yrði 1,9447635 krónur. Athygli var vakin á því að útboðslýsing væri aðgengileg á vef sparisjóðsins og voru stofnfjáreigendur hvattir til að kynna sér efni hennar. Áskrift hæfist 3. desember 2007 og lyki 14. sama mánaðar. Í bréfinu kom fram að stefndi ætti rétt á að skrá sig fyrir nýju stofnfé að nafnverði 2.029.585 krónur. Þar var enn fremur vakin athygli á því að ef stofnfjáreigandi nýtti ekki rétt sinn til kaupa á nýju stofnfé í útboðinu myndi „eignarhlutur hans í sparisjóðnum þynnast um 86,20%“ að því gefnu að allt stofnféð sem boðið væri til sölu í útboðinu seldist. Þá var bent á að Byr sparisjóður hefði samið við Glitni banka um að fjármagna kaup þeirra stofnfjáreigenda sem þess óskuðu á stofnfjárhlutum í útboðinu. Kom þar fram að mat á lánsbeiðnum væri háð lánareglum Glitnis banka og að þjónustufulltrúar bankans veittu nánari upplýsingar.

Í útboðslýsingunni, sem vísað var til í framangreindu bréfi, kemur fram að hún sé gefin út vegna útgáfu á samtals 12.200.000.000 nýrra stofnfjárhluta sem yrðu seldir í útboði til stofnfjáreigenda í sparisjóðnum. Hefði Fjármálaeftirlitið staðfest lýsinguna. Kom þar jafnframt fram að hún væri unnin af Byr sparisjóði, sbr. 30. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, í samvinnu við stjórn, framkvæmdastjórn og KPMG hf.

Af lýsingunni má ráða að heildarnafnverð stofnfjár í Byr sparisjóði að viðbættu endurmati miðað við vísitölu í desember 2007 hafi fyrir hækkunina verið 3.793.868.173 krónur. Með útboðinu var stefnt að því að heildarnafnverð stofnfjárins yrði 27.519.982.873 krónur að teknu tilliti til ónýttar heimildar til endurmats stofnfjár. Líkt og í bréfi stjórnar sparisjóðsins kom þar fram að ef forgangsréttarhafi nýtti ekki rétt sinn í útboðinu myndi skerðing á hans hlut verða 86,2% miðað við að allt stofnféð seldist. Sagði þar að það samsvaraði því að eignarhlutur hans yrði 13,8% af fyrri eignarhlut hans í stofnfé sparisjóðsins.

Í útboðslýsingunni er fjallað á ítarlegan hátt um sparisjóðinn og rekstrarstöðu hans. Þar er vikið að því að Byr sparisjóður hefði orðið til við sameiningu Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar árið 2006 auk þess sem samþykkt hefði verið í október 2007 að Sparisjóður Kópavogs sameinaðist Byr sparisjóði. Í samantektarkafla kemur fram að rekstur sparisjóðanna hafi gengið vel á árinu 2006.

Hefði hagnaður Byrs sparisjóðs eftir tekjuskatt numið 2.676 milljónum króna á árinu 2006 en 511 milljónum króna hjá Sparisjóði Kópavogs. Hagnaður sameinaðs sparisjóðs fyrstu sex mánuði ársins 2007 hefði verið 5.153 milljónir króna og væri hann umfram áætlanir. Horfur fyrir seinni hluta ársins 2007 væru einnig mjög góðar. Arðsemi eigin fjár á fyrstu sex mánuðum ársins 2007 hefði verið mjög góð eða 66,9%. Í samantektinni er síðan gefið yfirlit yfir rekstur og efnahag sparisjóðsins frá 2003 til 30. júní 2007 og fjallað með ítarlegri hætti um þessi atriði í kafla sem bar yfirskriftina „Útgefandalýsing“.

Í útboðslýsingunni er einnig fjallað almennt um stofnfé í sparisjóðnum og skilmála útboðsins. Þar er enn fremur vikið að einstökum áhættuþáttum er snertu Byr sparisjóð, s.s. áhættu tengdri stofnfjáreign, seljanleikaáhættu, almennri rekstraráhættu, fjárfestingaráhættu, útlánaáhættu, markaðsáhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu o.fl. Þess var þó jafnframt getið að þessi upptalning væri ekki tæmandi og fjárfestar hvattir til að leita sér ráðgjafar ef eitthvað væri óljóst í þessum efnunum.

Eins og fram kemur í bréfi stjórnar Byrs sparisjóðs til stefnda hafði sparisjóðurinn samið við Glitni banka um fjármögnun á kaupum stofnfjárhafa á stofnfjárhlutum í útboðinu. Í málinu liggur fyrir samningur sem ber yfirskriftina „Samningur um ráðgjöf, sölutryggingu, fjármögnun og útboð fyrir Byr-sparisjóð“. Á forsíðu samningsins kemur fram að hann sé gerður í október 2007 en samningurinn var undirritaður 12. nóvember 2007 af Einari Sigurðssyni, starfsmanni Glitnis banka, fyrir hönd bankans, og Ragnari Z. Guðjónssyni, sparisjóðsstjóra í Byr sparisjóði. Í öðrum tölulið samningsins er fjallað um tilgang hans. Þar segir að Byr sparisjóður hyggist efna til stofnfjárútboðs auk þess sem til skoðunar sé að breyta rekstrarformi sparisjóðsins úr sjálfseignarstofnun í hlutafélag. Hafi Byr sparisjóður falið Glitni banka að vera ráðgefandi við verkefnið auk þess að sölutryggja stofnfjárútboðið og tryggja stofnfjáreigendum fjármögnun til þátttöku í stofnfjárútboðinu. Hafi Glitnir banki fallist á að taka verkið að sér.

Nánar er vikið að sölutryggingunni í tölulið 3.1 í framangreindum samningi. Þar er tekið fram að í sölutryggingunni felist að Glitnir banki skuli kaupa eða finna kaupendur að þeim stofnfjárhlutum sem ekki seldust í útboðinu til stofnfjáreigenda Byrs sparisjóðs en þeir nyttu forkaupsréttar að nýju stofnfé. Feli hún í sér sölurétt af hálfu Byrs sparisjóðs og kaupskyldu af hálfu Glitnis banka ef ákveðið yrði að nýta sölutrygginguna. Samningurinn fæli hins vegar ekki í sér kauprétt af hálfu Glitnis banka á óseldu stofnfé til forkaupsréttarhafa. Gert væri ráð fyrir því að bankinn fengi tilkynningu um nýtingu söluréttarins í síðasta lagi fimm virkum dögum frá því útboðstímabili lyki og að gerður yrði sjálfstæður sölutryggingarsamningur, sem myndi mæla nánar fyrir um nýtingu söluréttarins, þegar ákvörðun hefði verið tekin um útboð til forkaupsréttarhafa og það útboðstímabil sem um útboðið myndi gilda.

Í grein 3.2 og 3.3 í samningnum er kveðið á um að Glitnir banki skuli bera undir stjórn og sparisjóðsstjóra Byrs sparisjóðs mat sitt á því hve stofnfjárukningin eigi að vera „með hliðsjón af eiginfjárstöðu sjóðsins og framtíðarverkefnum“. Skyldu aðilar vinna sameiginlega að uppfærslu á útboðslýsingu fyrir stofnfjárútboðið sem færi fram fyrir árslok 2007. Átti Byr sparisjóður að annast samskipti við Fjármálaeftirlitið í samvinnu við fyrirtækjaráðgjöf Glitnis banka. Byr sparisjóður gæti þó óskað eftir því að Glitnir banki annaðist einstaka eða alla hluta verksins.

Í grein 3.4 í samningnum er fjallað um fjármögnun stofnfjárukningarinnar. Kemur þar fram að Glitnir banki skuli tryggja öllum stofnfjáreigendum sem uppfylla almenn útlánaskilyrði bankans lán til kaupa á stofnfé í stofnfjárútboðinu. Skyldi lánstíminn vera tólf til átján mánaðir og gæti bankinn krafist veðs í stofnfé, arðgreiðslum og því hlutafé sem félli í hlut stofnfjáreigenda við hugsanlega breytingu á rekstrarformi sjóðsins. Ef arðgreiðslur færu fram á lánstímanum gæti bankinn krafist þess að þær færu að öllu leyti til niðurgreiðslu á lánum. Ætti Byr sparisjóður að kynna þennan fjármögnunarmöguleika fyrir stofnfjáreigendum en allt kynningarefni á lánum og lánakjörum skyldi vera með vitund og samþykki viðeigandi lánastjóra hjá Glitni banka og fyrirtækjaráðgjafar Glitnis.

Í málinu liggur fyrir ódagsett skjal þar sem Glitnir banki býður stofnfjánhöfum fjármögnun vegna kaupa á stofnfjánhlutum í framangreindu útboði. Þar eru veittar upplýsingar um lánamöguleika og vikið að ólíkum samsetningum lána eftir gjaldmiðlum og þau vaxtakjör sem í boði voru miðað við það. Fram kemur á blaðinu að lánshlutfall geti verið allt að 100% af kaupverði og lánstíminn yrði 18 mánuðir. Afborgun höfuðstóls yrði ein í lok lánstímans en vexti ætti að greiða tvisvar, fyrst eftir sex mánuði og síðan í lok lánstímans. Um tryggingar segir síðan orðrétt í skjalinu: „Glitni banka hf. sett að handveði stofnfjánhlutir stofnfjánhafa og væntar arðgreiðslur af stofnfjánhlutum. Ekki verður krafist frekari trygginga.“ Óumdeilt er að þetta skjal var sent stefnda og öðrum stofnfjáreigendum í Byr sparisjóði.

Stefndi mun hafa skráð sig fyrir stofnfjánhlutum í samræmi við rétt sinn. Eindagi greiðslunnar var 21. desember 2007. Til að fjármagna þessa áskrift undirritaði stefndi lánsamning 19. desember 2007 þar sem hann var lán taki og Glitnir banki var lánveitandi. Kom fram í samningnum að um væri að ræða lán „til 18 mánaða að fjárhæð að jafnvirði / Fjárhæð 3.990.334 kr. / 50% í íslenskum krónum (óverðtryggt) og 50% í erlendum myntum“ með þeim skilmálum sem fram komu í samningnum. Í samningnum segir orðrétt um hinn erlenda hluta lánsins: „Sá helmingur lánsins sem er í erlendum myntum skal vera samsettur úr eftirfarandi myntum í eftirgreindum hlutföllum: USD 10%, EUR 25%, CHF 10% og JPY 5%“. Þá var í samningnum kveðið á um að ráðstafa skyldi láninu beint inn á tilgreindan reikning lánveitanda til þess að fjármagna kaup lán taka á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði vegna aukningar á stofnfé sparisjóðsins. Myndi lánveitandi ráðstafa andvirði lánsins til greiðslu á þeim stofnfjárbréfum sem lán taki fengi úthlutað við stofnfjárukninguna.

Um endurgreiðslu lánsins segir í samningnum að lán taki skuldbindi sig til að endurgreiða lánið með einni greiðslu 19. júní 2009. Bæri að endurgreiða það „í þeim gjaldmiðlum sem það samanstæði af“. Mætti lán taki því aðeins greiða lánshluta í erlendum myntum í íslenskum krónum að lánveitandi hefði samþykkt það og móttakið skriflega beiðni lán taka þar um minnst fimmtán dögum fyrir gjalddaga. Sú greiðsla sem lán taka bæri að inna af hendi á gjalddaga í erlendum myntum yrði umreiknuð í íslenskar krónur allt að fimmtán dögum fyrir gjalddagann.

Í samningnum er síðan fjallað í 4. gr. um vexti, vaxtabreytingar og greiðslu vaxta. Skyldu vextir greiðast tvisvar, í fyrra skiptið 19. júní 2008 og síðan á lokagjalddaga. Mælt var fyrir um að ef til þess kæmi að arður af hinum veðsettu

stofnfjárbréfum yrði greiddur út fyrir 19. júní 2008 skyldu vextir greiðast sama dag og arðurinn yrði greiddur út. Í 5. gr. samningsins er síðan vikið að tryggingum. Þar er kveðið á um að lántaki setji lánveitanda að handveði stofnfjárbréf í Byr sparisjóði ásamt arði til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu á láninu. Það skilyrði var sett fyrir útborgun lánsins að lántaki afhenti lánveitanda stofnfjárbréfin ásamt yfirlýsingu um handveðsetningu þeirra svo og að lántaki uppfyllti almenn lánaskilyrði Glitnis banka hf.

Í 10. gr. samningsins er fjallað um vanefndaúrræði lánveitanda. Í lokamálsgrein ákvæðisins kemur fram að þegar lánið væri í gjalddaga fallið gæti lánveitandi án frekari fyrirvara leitað fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem lántaki hefði sett á hvern þann hátt sem lánveitandi kysi. Væri lánveitanda í sjálfsvald sett hvort leitað yrði fullnustu í öllum tryggingum sem hefðu verið settar eða einungis hluta þeirra og þá í hvaða röð það væri gert.

Óumdeilt er í málinu að stefndi undirritaði í tengslum við framangreindan lánsamning handveðsyfirlýsingu þar sem bankanum var sett að handveði öll stofnfjárbréf stefnda í Byr sparisjóði. Mun yfirlýsing þessi m.a. hafa fallið í sér að veðhafi skyldi, meðan veðsetningin væri í gildi, taka við öllum arði sem kynni að vera greiddur af hinum veðsettu bréfum og væri honum þá heimilt að ráðstafa þeim til greiðslu af láninu. Þessi handveðsyfirlýsing hefur þó ekki verið lögð fram í málinu.

Á aðalfundi Byrs sparisjóðs 9. apríl 2008 mun hafa verið ákveðið að greiða 44% arð til stofnfjárhafa vegna ársins 2007. Þeim hluta arðsins sem féll til stefnanda, 1.825.274 krónum, var ráðstafað til greiðslu höfuðstóls og vaxta samkvæmt lánsamningnum.

Með heimild í 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun 14. október 2008 að ráðstafa eignum Glitnis banka hf., þ.m.t. kröfuréttindum og tryggingaréttindum sem þeim tengdust, til Nýja Glitnis banka hf. Það er óumdeilt í málinu að krafa samkvæmt framangreindum lánsamningi við stefnda var á meðal þeirra kröfuréttinda sem við þetta færðust til nýja bankans. Nafni hans var breytt í Íslandsbanka hf. í febrúar 2009 og er hann stefnandi í máli þessu.

Með viðauka við lánsamning stefnda við stefnanda frá 16. júní 2009 var gjalddagi lánsins færður til 19. október 2009. Ritaði stefndi undir viðaukann með fyrirvara um „frekari rétt stofnfjáreigenda þ.m.t. að verja rétt sinn fyrir dómstólum“.

Með bréfi lögmanns stefnda 24. júní 2009 var stefnanda tilkynnt sú afstaða stefnda að einungis þau handveð sem bankinn hefði í stofnfjárbréfunum stæðu til tryggingar láninu. Stæðu þau ekki undir kröfu bankans þá myndi stefndi hvorki inna frekari greiðslur af hendi en bréfin sjálf bæru „með sér í söluverðmæti og arðgreiðslum“ né leggja fram frekari tryggingar. Með bréfi stefnanda 29. júní 2009 var röksemdum stefnda fyrir afstöðu sinni mótmælt og talið að samningur aðila fæli í sér skilyrðislausu skuldbindingu stefnda til að endurgreiða þá fjárhæð sem tekin var að láni hjá Glitni banka.

Hinn 22. apríl 2010 tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar Byrs sparisjóðs og víkja stjórninni í heild sinni frá, sbr. heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og skipa sjóðnum bráðabirgðastjórn. Þá var öllum eignum sparisjóðsins ásamt skuldbindingum ráðstafað til Byrs hf. nema þær væru sérstaklega undanskildar. Samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júlí 2010 var sparisjóðurinn síðan tekinn til slitameðferðar. Óumdeilt er að hin handveðsettu stofnfjárbréf eru nú verðlaus.

### III.

#### *1. Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi reisir kröfu sína á lánsamningnum frá 13. desember 2007 með viðauka og ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 14. október 2008 sem hafi verið reist á 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Hafi gjalddagi lánsins verið 19. október 2009 og því sé krafan gjaldfallin. Þar sem skuldin samkvæmt samningnum sé gjaldfallinn telur stefnandi að stefndi beri að inna af hendi útistandandi lánsfjárhæð.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á því að ábyrgð stefnda sé ekki takmörkuð við það handveð sem lánveitandi, nú stefnandi, hafi í stofnfjárbréfunum. Stefnandi geti því einnig krafið stefnda persónulega um greiðslu lánsins. Um þetta atriði er í stefnu vísað til nokkurra atriða.

Í fyrsta lagi telur stefnandi að orðalag í kynningargögnum Glitnis banka, þar sem stofnfjáreigendum er boðin ákveðin lánafyrirgreiðsla í tengslum við aukningu stofnfjár í Byr sparisjóði, hafi falið í sér skyldu lántaka til að setja að handveði tilteknar tryggingar auk þess sem þar komi fram að ekki yrði krafist frekari trygginga. Orðalagið gefi ekki til kynna að lántakar beri enga persónulega greiðsluábyrgð vegna lánaskuldbindingarinnar eins og haldið hafi verið fram. Það lúti eingöngu að tryggingum vegna hinnar persónulegu greiðsluskuldbindingar sem lántakendur gengust undir. Stefnandi telur að hér sé um hefðbundin veðréttindi að ræða, þ.e.a.s. að lánveitanda sé veittur forgangsréttur í tilteknum fjárverðmætum, þ.e. veð í stofnfjárbréfunum, til að leita fullnustu fyrir peningakröfu sinni. Veiting veðréttinda af hálfu stefnda og annarra lántaka leysi þá ekki undan eiginlegri greiðsluábyrgð, þ.e. hinni fjárhagslegu skuldbindingu. Telur stefnandi að slík niðurstaða fæli í raun í sér að kröfuréttur félli sjálfkrafa niður við fullnustu veðréttar jafnvel þótt hið veðsetta dygði ekki fyrir fjárhæð þeirra kröfuréttinda sem veðinu væri ætlað að tryggja. Sú niðurstaða fái hvorki stoð í orðalagi kynningargagnanna né í almennum reglum kröfu- og veðréttar.

Stefnandi telur enn fremur að túlka verði umþrætt orðalag í samræmi við meginreglur kröfu- og veðréttar, þ.m.t. um aðgreiningu kröfu- og veðréttinda. Ekki sé unnt að fallast á að lántakinn beri í raun enga ábyrgð vegna lánaskuldbindingarinnar öðruvísi en með afhendingu bréfanna. Það leiddi til þess að fjárhagsleg áhætta hvíldi öll á stefnanda.

Stefnandi vísar enn fremur til þess að orðalag kynningarefnis í tengslum við útgáfu stofnfjárbréfanna geti ekki gengið framár skýru orðalagi lánsamningsins sjálfs. Þar sé ekki að finna neitt sem gefi tilefni til þeirrar ályktunar að ekki yrði gengið að öðru en hinum handveðsettu stofnfjárbréfum.

Stefnandi hafnar því að það geti hafa verið lagaleg forsenda fyrir lántökunni af hálfu lántakenda, og þá eftir atvikum stefnda, að þeir bæru ekki persónulega greiðsluábyrgð. Hafi stefnanda, eða þeim sem hann leiðir rétt sinn frá, í öllu falli hvorki verið kunnugt um slíkar forsendur lántakenda né mátt vera um þær kunnugt. Forsendukenningar samningaréttar eigi því ekki við í þessu sambandi að mati stefnanda.

Í öðru lagi telur stefnandi að ekki hafi verið nauðsynlegt að geta þess berum orðum í texta lánsamningsins að lántakar bæru persónulega ábyrgð á skuldinni með öllum eignum sínum. Um þetta vísar stefnandi m.a. til 5. gr. lánsamningsins þar sem fram komi að lántaki setji til tryggingar skilvísri greiðslu á láninu að handveði stofnfjárbréf í Byr sparisjóði ásamt arði. Orðalag ákvæðisins feli samkvæmt almennri textaskýringu ekki í sér að stefndi hafi verið undanþeginn persónulegri greiðsluábyrgð. Þá vísar stefnandi til 10. gr. samningsins sem fjalli um vanefndaúrræði. Þar segi að verði vanefnd af hálfu lántaka geti lánveitandi án fyrirvara gjaldfellt allar eftirstöðvar lánsins auk áfallinna vaxta. Enn fremur að þegar lánið sé fallið í gjalddaga sé lánveitanda heimilt að leita fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem lántaki hafi veitt lánveitanda. Sé lánveitanda í sjálfsvald sett hvort hann leiti fullnustu í öllum tryggingum sem hafi verið settar eða einungis í hluta þeirra og þá í hvaða röð það sé gert. Samkvæmt þessu sé lánveitanda, nú stefnanda, í sjálfsvald sett hvort hann gangi að tryggingum eða ekki. Væri samningurinn túlkaður með þeim hætti sem stefndi leggi til grundvallar væri stefnanda beinlínis skylt að ganga að tryggingum, þ.e. lánveitanda væri þá ekki í sjálfsvald sett að krefja lántakendur, hér stefnda, um greiðslu peningaskuldbindingarinnar.

Stefnandi telur að engin rök standi til þess að gera kröfu um að sérstaklega þurfi að geta þess í texta lánsamningsins að lántaki beri persónulega ábyrgð á skuldinni með öllum eignum sínum enda leiði það beinlínis af texta samningsins svo og meginreglu kröfu- og veðréttar, venjum og eðli málsins að lántaki beri persónulega greiðsluábyrgð. Í reynd hefði því þurft að geta þess sérstaklega í texta lánsamningsins ef lántaki bæri ekki persónulega greiðsluábyrgð.

Í þriðja lagi er á því byggt af hálfu stefnanda að þótt veðréttur geti fræðilega séð verið til staðar án þess að honum fylgi nein persónuleg ábyrgð þannig að fullnusturéttur sé takmarkaður við veðandlagið eitt þá sé það undantekning frá þeirri meginreglu að veðrétti fylgi jafnframt kröfuréttarleg ábyrgð. Slík niðurstaða, að engin kröfuréttarleg ábyrgð fylgi veðrétti, verði því annaðhvort að vera leidd af lögum eða skýru orðalagi samnings. Hvorugu sé til að dreifa í fyrirliggjandi máli. Slík sjónarmið fái því ekki staðist að mati stefnanda.

Um lagarök vísar stefnandi í stefnu einkum til meginreglna samninga- og kröfuréttar, þ.m.t. um skuldbindingargildi samninga og rétt kröfuhafa til efnda fjárskuldbindinga. Jafnframt vísar stefnandi til meginreglna veðréttar. Þá er af hálfu stefnanda vísað til 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr.

laga nr. 125/2008. Kröfu sína um málskostnað styður stefnandi við XX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í stefnu var gerð krafa um að stefndi greiddi stefnanda 4.560.049 krónur með nánar tilgreindum dráttarvöxtum. Þar kemur fram að á því sé byggt að skuldbinding stefnda samkvæmt lánessamningnum sé að hluta í erlendum myntum, sbr. til hliðsjónar ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Hafi stefndi skuldbundið sig til að endurgreiða þann hluta í þeim gjaldmiðlum sem skuldbindingin samanstóð af. Í stefnu er sérstök grein gerð fyrir sundurliðun stefnufjárhæðar þar sem m.a. kemur fram að lánsfjárhæðir vegna einstakra lánsþátta séu reiknaðir út miðað við lokagjaldlega 19. október 2009, að frádreginni innborgun 11. apríl 2008, auk áfallinna vaxta til 19. október 2009. Um fjárhæðina var enn fremur vísað til framlagðs stöðuyfirlits.

Í þinghaldi 10. nóvember 2010 lagði stefnandi fram bókun um breytta kröfugerð, sbr. kafla I hér að framan. Aðalkrafa samkvæmt henni er um greiðslu skuldar að sömu fjárhæð og fram kemur í stefnu. Þá er dráttarvaxtakrafan sú sama og í stefnu. Til skýringar á kröfugerðinni er áréttað í bókuninni að eftirstöðvar lánessamningsins séu reiknaðar út miðað við lokagjaldlega 19. október 2009 auk áfallinna vaxta til sama dags. Þar er enn fremur áréttað að láns hlutar í erlendum myntum, öðrum en evrum og íslenskum krónum, hafi borið LIBOR-vexti að viðbættu 3% vaxtaálagi, láns hluti í evrum hafi borið EURIBOR-vexti að viðbættu 3% álagi og láns hluti í íslenskum krónum hafi borið REIBOR-vexti eins og þeir voru skráðir af Seðlabanka Íslands að viðbættu 3% vaxtaálagi. Hafi fjárhæð skuldbindingar í íslenskum krónum á gjaldfellingardegi numið 1.411.589 krónum auk ógreiddra vaxta frá 11. apríl 2009 að fjárhæð 120.952 krónur, eða samtals 1.532.726 krónum. Á gjaldfellingardegi hafi fjárhæð skuldbindingar í bandarískum dollurum (USD, nr. 941939, 10%) verið 4.200,70, auk ógreiddra vaxta frá 11. apríl 2009 að fjárhæð 110,35 bandarískir dollarar. Gengi USD á gjaldfellingardegi hafi verið 125,10. Uppreiknaðar eftirstöðvar þessa láns hluta í íslenskum krónum, sbr. ákvæði 4 (e) í lánessamningi aðila, hafi því verið 539.377 krónur. Á gjaldfellingardegi hafi fjárhæð skuldbindingar í evrum (EUR, nr. 941940, 25%) verið 8.065,93, auk ógreiddra vaxta frá 11. apríl 2009 að fjárhæð 199,55 evrur. Gengi EUR á gjaldfellingardegi hafi verið 184,82. Uppreiknaðar eftirstöðvar þessa láns hluta í íslenskum krónum, sbr. ákvæði 4 (e) í lánessamningi aðila, hafi því verið 1.490.745 krónur. Á gjaldfellingardegi hafi fjárhæð skuldbindingar í svissneskum frönskum (CHF, nr. 941941, 10%) verið 5.233,07, auk ógreiddra vaxta frá 11. apríl 2009 að fjárhæð 106,75 svissneskir frankar. Gengi CHF á gjaldfellingardegi hafi verið 121,76. Uppreiknaðar eftirstöðvar þessa láns hluta í íslenskum krónum, sbr. ákvæði 4 (e) í lánessamningi aðila, hafi því verið 650.254 krónur. Á gjaldfellingardegi hafi fjárhæð skuldbindingar í japönskum jenum (JPY nr. 941942, 5%) verið 244.899, auk ógreiddra vaxta frá 11. apríl 2009 að fjárhæð 5.104 japönsk jen. Gengi JPY á gjaldfellingardegi hafi verið 1,3876. Uppreiknaðar eftirstöðvar þess láns hluta í íslenskum krónum, sbr. ákvæði 4 (e) í lánessamningi aðila, hafi því verið 346.946 íslenskar krónur. Samkvæmt þessu hafi heildareftirstöðvar lánessamningsins við gjaldfellingu hinn 19. október 2009, að teknu tilliti til umbreytingar í íslenskar krónur, sbr. ákvæði 4 (e) í samningi aðila, því verið 4.560.049 krónur.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndi greiði sér eftirstöðvar lánsins á gjaldfellingardegi 19. október 2009 í þeim erlendu myntum sem lánasamningurinn

mælir fyrir um ásamt vöxtum auk dráttarvaxta frá gjaldfellingardegi til greiðsludags. Um sundurliðun fjárhæða má vísa til umfjöllunar um aðalkröfu en í bókuninni kemur fram að fjárhæð varakröfu svari í reynd til fjárhæðar aðalkröfu að öðru leyti en því að henni hefur ekki verið umbreytt í íslenskar krónur að því leyti sem hún er í erlendum myntum.

Til þrautavara krefst stefnandi greiðslu á 2.996.547 krónum með dráttarvöxtum frá 19. október 2009 til greiðsludags. Þar krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða lánsfjárhæðina alla í íslenskum krónum að teknu tilliti til innborgunar. Tekið sé mið af því að krafan beri að öllu leyti REIBOR-vexti í samræmi við ákvæði 4 (c) í lánsamningnum. Ákvarðist REIBOR-vextir tveimur dögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils að viðbættu 3% vaxtaálagi. Með REIBOR (Reykjavík Inter Bank Offered Rate) vöxtum sé átt við vexti á millibankamarkaði með íslenskar krónur eins og þeir séu auglýstir kl. 11 að staðartíma í Reykjavík. Nánar er í bókuninni vísað til framlagðs útreiknings um kröfu þessa.

Til þrautaþrautavara krefst stefnandi greiðslu á 2.994.384 krónum með dráttarvöxtum frá 19. október 2009 til greiðsludags. Þar krefst stefnandi þess að stefndi greiði höfuðstól lánsins miðað við stöðu þess á gjaldfellingardegi í íslenskum krónum og hefur þá verið tekið tillit til innborgunar á lánsamninginn. Miðað er við að krafan hafi átt að bera vexti en að um hæð þeirra verði ekki litið til þess sem um var samið í lánsamningi heldur beri að miða vexti við það að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir væru. Þeir eigi því að vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum, sbr. 1. másl. 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, og séu birtir samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sömu laga. Nánar er í bókuninni vísað til framlagðs útreiknings um fjárhæð kröfunnar.

Til þrautaþrautaþrautavara er þess krafist að stefndi greiði stefnanda 2.838.519 krónur með dráttarvöxtum frá 19. október 2009 til greiðsludags. Þessi krafa felur í sér að stefnda beri að endurgreiða upphaflegu lánsfjárhæðina í íslenskum krónum ásamt vöxtum samkvæmt ákvæðum lánsamningsins. Hafi sá hluti lánsamningsins, sem hafi verið tilgreindur í erlendum myntum, átt að bera samningsvexti eins og þeir eru tilgreindir í lánsamningi aðila, þ.e. annars vegar LIBOR-vexti ásamt 3% álagi og hins vegar EURIBOR-vexti ásamt 3% álagi. Nánar er í bókuninni vísað til framlagðs útreiknings um kröfu þessa.

## *2. Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi reisir aðalkröfu sína um sýknu á því að tryggingin, sem stefnandi hafi fyrir láninu er hann veitti stefnda til kaupa á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði, sé eingöngu handveðið sem hann hafi í bréfunum. Að öðru leyti standi hvorki önnur veð né tryggingar að baki þessu láni svo sem persónuleg ábyrgð stefnda. Rökstuðningur stefnda fyrir þessu er í þremur liðum.

Í fyrsta lagi heldur stefndi því fram að þetta hafi komið fram í kynningargögnum Glitnis banka um lánveitinguna. Þar og víðar komi fram að einu tryggingarnar sem stefnandi hafi séu handveð í stofnfjárbréfunum sjálfum og arði af þeim. Hafi stefnandi ekki áskilið sér rétt til frekari trygginga eða ábyrgða. Þá

bendir stefndi sérstaklega á yfirlýsingu fyrri stjórnar Byrs sparisjóðs um þetta atriði.

Stefndi telur ljóst að ef stefnandi hefði krafist frekari trygginga eða gert lántakendum grein fyrir því að þeir bæru persónulega ábyrgð á lánum sínum með öllum eignum sínum ef svo bæri undir þá hefði áhugi margra ekki lengur verið til staðar til kaupa og lántöku, a.m.k. ekki hjá stefnda. Hafi það verið forsenda af hans hálfu að hann þyrfti ekki að taka á sig frekari áhættu vegna lántökunnar en fælist í verðmæti stofnfjárbréfanna sjálfra.

Stefndi telur að það fái ekki staðist að lánastofnun geti sagt við væntanlegan lántakanda að hann þurfi ekki að leggja fram nein veð eða tryggingar til viðbótar handveðinu, svo sem fasteignaveð, en láti hjá líða að gera honum grein fyrir því að hann sé hvort eð er ábyrgur fyrir láninu með öllu því sem hann eigi og kann að eignast, þ.e. beri persónulega ábyrgð á láninu. Myndi slík framkoma af hálfu stefnanda brjóta í bága við III. kafla samningalaga nr. 7/1936, einkum 33. gr., 36. gr. og 36. gr. a til d auk 30. gr. sömu laga.

Stefndi leggur áherslu á að það hafi verið alger forsenda af hans hálfu til kaupa á stofnfjárukningunni að hann þyrfti ekki að leggja fram viðbótartryggingar, hvað þá að vera í persónulegri ábyrgð með öllum eignum sínum, ef handveðstryggingin dygði ekki af einhverjum ástæðum.

Þá vísar stefndi til 3. mgr. 10. gr. í lánssamningi aðila þar sem fram komi að þegar lánið sé í gjalddaga sé lánveitanda heimilt að leita fullnustu fyrir kröfum sínum „í þeim tryggingum sem lántaki hefur sett lánveitanda“ á hvern þann hátt sem hann kysi. Væri lánveitanda í sjálfsvald sett hvort leitað væri fullnustu í öllum tryggingunum eða einungis hluta þeirra og þá í hvaða röð það væri gert. Af þessum texta telur stefndi ljóst að eingöngu sé hér átt við veðtryggingar og ef persónuleg ábyrgð lántakans hefði einnig átt að vera hefði það þurft að koma skýrt fram til viðbótar framangreindum texta. Ætti það sérstaklega við þegar annað hefði verið látið í ljós við lántakandann.

Í öðru lagi byggir stefndi á því að hvergi komi fram í texta lánssamningsins að lánið feli í sér aðrar greiðsluþryggingar fyrir stefnanda en handveðstrygginguna eina og sér. Hefði svo átt að vera eða ef persónuleg ábyrgð hefði verið bundin við lántökuna, telur stefndi að stefnandi hefði borið að geta þess sérstaklega í textanum eða í samtölum við lántakendur, að þrátt fyrir að stefnandi krefðist ekki frekari trygginga þá bæru þeir samt persónulega ábyrgð á skuldinni með öllum eignum sínum ef hin veðsettu stofnfjárbréf dygðu ekki til að endurgreiða lánið.

Í þessu sambandi telur stefndi að lánastofnun beri ríka upplýsingaskyldu gagnvart ólöglærðum lántakendum svo þeim sé fullljóst hvaða skyldur og ábyrgðir þeir gangist undir í viðskiptum sínum við slíka aðila. Vísar stefndi enn fremur til aðgæsluskyldu lánastofnana og ákvæða samningalaga nr. 7/1936, einkum 36. gr. b. Sama eigi við þegar orðalag veðbréfs og annarra fjármálagerna er óljóst ef það er einhliða samið af hálfu lánastofnunarinnar eða veð- eða skuldabréf samin í stöðluðu formi eins og í þessu tilviki. Þá hafi dómstólar gert ríkar kröfur til lánastofnana um vandvirkni í vinnubrögðum við útgáfu veðbréfa og veðleyfa og uppgjör í tengslum við þau. Verði að skýra allan vafa og óskýrleika lánastofnuninni í óhag ef upp kemur ágreiningur um fjármálagerna sem þær standa að og leggja

skuldbindingar á herðar almennum viðskiptavinum þeirra. Enda starfi fjármálastofnanir í skjóli opinberra starfsleyfa og eðlilegt og sjálfsagt að gera stífar kröfur til þeirra um aðgæslu og vandvirkni í skiptum við hinn almenna borgara. Það sé enn fremur í samræmi við ríkjandi sjónarmið um neytendavernd, sbr. 36. gr. a til d í samningalögunum. Þá hafi þessar lánastofnanir yfirburðastöðu gagnvart viðsemjendum sínum og því eðlilegt að leggja á þeirra herðar ríkar skyldur til aðgæslu og vandvirkni í samskiptum við almenna viðskiptavini sína. Á þessu sviði telur stefndi að hin svonefnda óskýrleikaregla (koncipisregla) gildi, sem mæli fyrir um að óskýr hluti samnings skuli skýrður þeim í óhag sem hefur samið ákvæðið.

Jafnframt telur stefndi að leggja verði ríka áherslu á að fjármálastofnanir búi yfir miklu meiri sérþekkingu á þessu sviði en hinn almenni viðskiptavinur þeirra. Það leiði til þess að eðlilegt er og sanngjarnt að áhættan af óskýrleika og óvandvirkni sé lögð á lánastofnunina en ekki viðsemjanda hennar. Verði ráðandi aðilinn við samningsgerðina að bera halla af óljósum ákvæðum samnings eða framsetningu hans. Þá verði einnig að gera ríkar kröfur til lánastofnana að þær veiti viðskiptavinum sínum, sem fæstir búi yfir lög- eða fjármálaþekkingu, viðhlítandi ráðgjöf og tryggi að þessir viðskiptavinir þeirra hafi fengið lágmarksupplýsingar til að geta tekið upplýsta ákvörðun um þá kosti sem þeim standi til boða og þá áhættu sem í þeim felist. Eigi þeir ekki að þurfa að velkjast í vafa um hvaða fjárhagslegu skuldbindingar þeir séu að taka á sig í viðskiptum við viðkomandi lánastofnun.

Í þriðja lagi vísar stefndi til þess að undantekningar séu á þeirri meginreglu í veðrétti að veðskuldabréf feli bæði í sér veðskuldbindingu og persónulega ábyrgð. Af afstöðu íslenskra og annarra norrænna fræðimanna á sviði veðréttar telur stefndi að draga megi þá ályktun að ef banki láni gegn handveði í lausafé öðlist hann ekki frekari veð eða tryggingar en felist í verðmæti handveðsins sjálfs enda sé lánið veitt án þess að lánveitanda sé nokkuð kunnugt um hagi lántaka þannig að ætla megi að persónulegt gjaldþol lántakans skipti ekki máli. Með vísan til þess telur stefndi að til tryggingar á greiðslum á láninu, sem stefnda var veitt til kaupa á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði, séu eingöngu hin veðsettu bréf ásamt arði af þeim, en engar aðrar tryggingar svo sem persónuleg ábyrgð stefnda. Því sé stefnanda heimilt að „fénýta sér“ þau stofnfjárbréf í Byr sparisjóði sem hann hefur að handveði til greiðslu lánsins en um frekari greiðsluskyldu sé ekki að ræða. Því beri að sýkna stefnda.

Varakrafa stefnda er reist á því að lánið, sem stefnandi veitti stefnda, hafi verið að hálfu leyti í íslenskum krónum og að hálfu leyti í erlendum myntum, sem greiða skyldi í íslenskum krónum með samþykki stefnanda. Hafi lánið allt verið greitt út til stefnda í íslenskum krónum. Tenging skuldbindinga við gengi erlendra gjaldmiðla teljist vera verðtrygging í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Stefndi byggir á því að óheimilt sé að miða skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla eins og stefnandi hafi gert í þessu tilviki. Grundvöllur verðtryggingar samkvæmt samningi aðila sé því í andstöðu við VI. kafla laga nr. 38/2001 og teljist því ógild. Þess vegna beri að miða kröfu stefnanda hinn 19. október 2009 við það að öll greiðsla lánsins sé í íslenskum krónum talin eða 3.065.425 krónur (kr. 1.532.725 x 2). Þó kveðst stefndi gera fyrirvara um réttan útreikning á þessari fjárhæð.

Um lagarök vísar stefndi til meginreglna samninga- og kröfuréttar og meginreglna veðréttar um handveð. Jafnframt til samningalaga nr. 7/1936, einkum III. kafla. Þá vísar stefndi til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Um

málkostnað er í stefnu vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um virðisaukaskatt til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

#### IV.

##### *1. Skuldbinding samkvæmt lánessamningi aðila*

Í máli þessu greinir aðila í raun á um hvort stefndi hafi með lánessamningi, sem var undirritaður 19. desember 2007, skuldbundið sig til að endurgreiða lánið þannig að unnt sé að afla aðfararhæfrar dómsúrlausnar um skyldu hans til að greiða eftirstöðvar þess. Telur stefndi að svo sé ekki heldur hafi skylda hans takmarkast við að veita Glitni banka handveð í stofnfjárbréfum hans í Byr sparisjóði og að arður af þeim yrði notaður til að greiða niður lánið.

Efni lánessamningsins er rakið í kafla II hér að framan. Í 2. gr. samningsins kemur skýrt fram að með samningnum skuldbindi stefndi sig til að endurgreiða lánið á tilteknum gjalddaga og að honum beri að greiða það í þeim gjaldmiðlum sem lánið samanstendur af eins og segir í samningnum. Ákvæði lánessamningsins um tryggingar veldur engum vafa um þessa greiðsluskyldu stefnda. Lokamálsgrein 10. gr. samningsins verður ekki skilin á þann veg að fullnusturéttur lánveitanda hafi átt að takmarkast við stofnfjárbréfin enda einungis kveðið á um heimild hans til að nýta hin handveðsettu bréf til fullnustu kröfunnar. Að mati dómsins er því ekki unnt að finna því stoð í lánessamningi aðila að skylda stefnda og réttur lánveitanda til að leita fullnustu fyrir greiðsluskyldu hans hafi verið takmarkaður með þeim hætti sem stefndi heldur fram. Þegar lántaki lofar með samningi að endurgreiða peningalán ber honum að efna þá skyldu þó að ekki sé sérstaklega kveðið á um það í samningnum að hann beri „persónulega ábyrgð á skuldinni“.

Stefndi telur enn fremur að við túlkun á samningsskyldum hans og réttindum lánveitanda verði að líta til kynningar Glitnis banka á fjármögnun stofnfjárukningarinnar í Byr sparisjóði eins og hún var sett fram á einblöðungi frá bankanum sem var sent á heimili hans. Efni þessa skjals er rakið í kafla II hér að framan en þar kemur fram að ekki verði „krafist frekari trygginga“ en handveðs í stofnfjárbréfum stefndu og væntum arðgreiðslum af þeim. Dómurinn telur eðlilegt að leggja þann skilning í orðið tryggingu, eins og það er notað í þessu samhengi, að átt sé við ráðstafanir sem veita kröfuhafa meira öryggi fyrir efndum á skuldbindingu skuldara. Þó að kröfuhafi fari ekki fram á neinar tryggingar af þessu tagi haggar það ekki efndaskyldu skuldara. Sama á við ef hann lofar að fara ekki fram á aðrar tryggingar en þær sem hann tilgreinir sérstaklega. Orðalag í framangreindu skjali gefur að mati dómsins ekki tilefni til að leggja annan skilning í skuldbindingar lántaka og réttindi lánveitanda en hér er rakið. Ekki er fallist á með stefnanda að það brjóti í bága við III. kafla laga nr. 7/1936 að lánveitandi taki fram að ekki verði krafist annarra trygginga en þeirra sem hann hefur tilgreint sérstaklega en leiti síðan dóms um greiðsluskyldu lántaka ef tryggingin nægir ekki til fullra efnda.

Engum vafa er undirorpið að stefndi skuldbatt sig samkvæmt lánessamningnum til að greiða lánið til baka. Þá er ekki unnt að finna því stoð í samningi aðila eða tilboði Glitnis banka að lánveitandinn hafi takmarkað rétt sinn til að leita fullnustu

á þessari skyldu stefnda við hin veðsettu stofnfjárbréf og arð af þeim. Þó að Glitnir banki hafi ekki horft til greiðslugetu stefnda og hafi sjálfur reiknað með því að arðgreiðslur myndu a.m.k. fara langt með að greiða lánið fól það ekki í sér yfirlýsingu um að skuldbindingunni fylgdi engin persónuleg ábyrgð þannig að það víki til hliðar hinni ótvíræðu skyldu sem fólst í lánessamningnum. Þar sem skylda stefnda til að endurgreiða lánið var skýr samkvæmt samningi aðila verður ekki talið að undantekning frá því að veðrétti fylgi persónuleg ábyrgð þegar handveð er tekið í lausafé eigi við í máli þessu.

Af aðilaskýrslu stefnda fyrir dómi verður ekki skýrlega ráðið af hverju hann taldi að það yrði áhættulaust fyrir hann að taka lán hjá Glitni banka til að fjármagna kaupin á stofnfjárbréfunum í útboðinu. Ekkert liggur fyrir um að starfsmenn Byrs sparisjóðs eða Glitnis banka hafi gefið það í skyn í samtölum við stefnda.

Þær varnir sem stefndi teflir fram í málinu beinast að túlkun lánessamnings aðila en ekki að því að ósanngjarnt sé eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig nema að því takmarkaða leyti sem að framan greinir. Er dómari við það bundinn, sbr. 2. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sjónarmið um aðgæslu- og upplýsingaskyldu lánafyrirtækja gagnvart neytendum fá ekki breytt skýrri efnaskyldu stefnda samkvæmt samningnum en efni hans eða kynning Glitnis banka á skilmálum lánveitingarinnar gefur eins og fram hefur komið ekki tilefni til að ætla að þar hafi fullnusturéttur lánveitanda verið takmarkaður við hin veðsettu stofnfjárbréf. Óumdeilt er að kröfu samkvæmt lánessamningnum var ráðstafað til stefnanda með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 14. október 2008. Verður því að fallast á að stefnda beri að greiða honum gjaldfallna fjárkröfu samkvæmt umræddum samningi.

## *2. Lán í erlendri mynt eða gengistryggt lán í íslenskum krónum?*

Stefnandi byggir aðal- og varakröfu sína á því að helmingur lánsins hafi verið í erlendum myntum og hinn helmingurinn í íslenskum krónum. Hafi hvorugur hluti lánsins verið verðtryggður og því eigi VI. kafli laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu ekki við. Stefnandi reisir varakröfu sína á aftur á móti á því að allt lánið hafi verið veitt í íslenskum krónum og helmingur þess verðtryggður með því að binda það við gengi erlendra gjaldmiðla. Veiti lög nr. 38/2001 ekki heimild til slíkrar verðtryggingar og skuldbindi því ekki stefnda, sbr. dóma Hæstaréttar frá 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010.

Ákvæði samningsins eru rakin í kafla II. Þar er lánsfjárhæðin aðeins tilgreind í íslenskum krónum. Í línu ofan við fjárhæðina segir að um helmingaskipt lán sé að ræða „til 18 mánaða að fjárhæð jafnvirði“ og línu neðan við fjárhæðina segir: „50% í íslenskum krónum (óverðtryggt) og 50% í erlendum myntum“. Í ákvæði samningsins um lánsfjárhæð og útborgun segir að lánið skuli „vera samsett til helminga úr íslenskum krónum, óverðtryggt, og erlendum myntum“. Samsetningu lánsins í hinum erlendu myntum er síðan lýst með skammstöfunum og gerð grein fyrir hlutföllum þeirra. Þá er ljóst að samkvæmt samningnum skuldbatt stefndi sig til að endurgreiða lánið í þeim gjaldmiðlum sem þar var kveðið á um og mátti hann því aðeins „greiða lánshluta í erlendum myntum í íslenskum krónum“ með samþykki lánveitanda enda hefði hann þá mótttekið skriflega beiðni þar um minnst

fimmtán dögum fyrir gjalddaga. Kom jafnframt fram að sú greiðsla sem lántaka bæri að inna af hendi á gjalddaga í erlendum myntum yrði umreiknuð í íslenskar krónur allt að fimmtán dögum fyrir gjalddagann.

Samkvæmt framangreindum ákvæðum samningsins virðist sem veita hafi átt lánið annars vegar í íslenskum krónum og hins vegar í nánar tilgreindum erlendum myntum. Verður að ætla að tilgreining fjárhæðar í íslenskum krónum hafi m.a. átt að þjóna þeim tilgangi að festa andvirði lánsins miðað við gengi þeirra mynta sem ætlunin virðist hafa verið að lána auk hinna íslensku króna. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að láninu átti að ráðstafa beint inn á reikning lánveitanda sem skuldbatt sig til að ráðstafa andvirði þess til greiðslu á þeim stofnfjárbréfum sem stefndi átti að fá úthlutað. Verður að ætla að innstæðan á umræddum reikningi hafi verið í íslenskum krónum en ljóst er að kaupin á stofnfjárbréfunum átti að gera í íslenskum krónum. Ekki hafa verið lögð fram í málinu gögn sem gefa til kynna að lánveitandi hafi fyrir hönd stefnda selt erlenda gjaldmiðla sem voru að jafnvirði helmingur þeirrar fjárhæðar sem tilgreind var í samningnum í íslenskum krónum (1.995.167 krónur) og fengið fyrir þær íslenskar krónur sem nota átti til að kaupa stofnfjárbréfin. Þá liggja ekki fyrir gögn er benda til þess að fyrir andvirði arðsins, sem greiddur var 11. apríl 2008, hafi verið keyptur erlendur gjaldeyrir sem notaður hafi verið til að greiða inn á lánið. Þrátt fyrir ákvæði samningsins hefur því ekki verið sýnt fram á að lánið hafi í raun verið veitt til helminga í þeim erlendu myntum sem samningurinn kvað á um.

Það er því niðurstaða dómsins að lánið hafi, þrátt fyrir orðalag samningsins, verið veitt í íslenskum krónum, sem er gjaldmiðill landsins, en helmingur þess gengistryggður eftir gengi þeirra gjaldmiðla sem samningurinn kvað á um. Fellur samningurinn því í heild sinni undir ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Samkvæmt dómum Hæstaréttar Íslands frá 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010, sem hafa ótvírætt fordæmisgildi við úrlausn málsins, er ekki heimilt að verðtryggja lán í íslenskum krónum með því að binda það við gengi erlendra gjaldmiðla, sbr. 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001. Ákvæði lánsamningsins, sem tengja helming lánsfjárhæðarinnar við gengi bandaríksk dollara (10%), evru (25%), svissnesks franka (10%) og japansks jens (5%), eru því í andstöðu við fyrirmæli framangreindra laga og skuldbinda stefnda ekki.

### *3. Vextir og uppgjör eftirstöðva lánsins*

Í ljósi þess sem að framan greinir kemur aðalkrafa stefnanda eða varakrafa ekki til álita. Þá virðist óumdeilt að stefndi er ekki bundinn af fjárhæð þeirri sem tilgreind er í varakröfu hans, sem sett var fram með fyrirvara um útreikning hennar, en að frágenginni varakröfu stefnanda, sem lögð var fram í þinghaldi eftir að stefndi lagði fram greinargerð, er krafist lægri fjárhæða af hans hálfu en í varakröfu stefnda.

Þrautavarakrafa stefnanda er um greiðslu 2.996.547 króna auk nánar tilgreindra dráttarvaxta. Þar er miðað við að lánið hafi allt verið í íslenskum krónum og eigi að greiðast með svonenfndum REIBOR-vöxtum í samræmi við c-lið í 4. gr. samningsins. Í staflíðnum segir að lánshluti í íslenskum krónum skuli „bera REIBOR-vexti, eftir fjölda mánaða milli gjalddaga og/eða vaxtagjalddaga, eins og

þeir séu skráðir af Seðlabanka Íslands skv. 7. gr. reglna Seðlabanka Íslands nr. 7 frá 16. mars 2000 um viðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum, tveimur dögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils, að viðbættu vaxtaálagi 3,0% - þrír komma núll af hundraði.“

Til þrautaþrautavara gerir stefnandi kröfu um að stefndi greiði 2.994.384 krónur auk nánar tilgreindra dráttarvaxta. Þar er miðað við að lánið í heild beri vexti sem eru jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum. Kröfugerð þessi skírskotar til 1. másl. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og niðurstöðu dóms Hæstaréttar Íslands frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010.

Til þrautaþrautaþrautavara krefst stefnandi greiðslu á 2.838.519 krónum með nánar tilgreindum dráttarvöxtum. Miðað er við að stefnda beri að greiða upphaflegu lánsfjárhæðina í íslenskum krónum með þeim vöxtum sem koma fram í samningnum, þ.e. REIBOR-vöxtum fyrir þann hluta sem var í íslenskum krónum, EURIBOR-vöxtum fyrir þann hluta sem átti að vera í evrum og LIBOR-vöxtum fyrir þann hluta sem átti að vera í öðrum gjaldmiðlum.

Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010 var leyst úr ágreiningi um hvaða vexti skyldi leggja til grundvallar við uppgjör á samningi um lán sem var að öllu leyti gengistryggt án þess að til þess stæði lagaheimild. Talið var óhjákvæmilegt að ógildi samningsákvæðis um gengistryggingu leiddi til þess að líta yrði með öllu fram hjá ákvæðum samningsins um að lánið bæri LIBOR-vexti enda bein og órjúfanleg tengsl milli ákvæðis í samningi um gengistryggingu og fyrirmæla þar um vexti enda lægi fyrir að aldrei hefðu verið skráði LIBOR-vextir af lánnum í íslenskum krónum. Verður að ætla að þessi dómur hafi fordæmisgildi við úrlausn á þessum þætti málsins þannig að þrautaþrautaþrautavarakrafa stefnanda komi ekki til álita.

Í c-lið 4. gr. lánssamningsins frá 19. desember 2007 var kveðið á um þá vexti sem „láns hluti í íslenskum krónum“ skyldi bera en helmingur þess átti að vera í íslenskum krónum. Að þessu leyti er það úrlausnarefni sem hér er til umfjöllunar frábrugðið því máli sem leyst var úr í framangreindum dómi Hæstaréttar Íslands frá 16. september 2010. Þar sem líta verður svo á að lánið hafi allt verið veitt í íslenskum krónum verður að miða hæð vaxta við framangreindan c-lið 4. gr. samningsins og skal lánsfjárhæðin því bera REIBOR-vexti með 3% álagi. Í málinu liggur fyrir útreikningur eftirstöðva lánsins miðað við þessar forsendur og er ekki tölulegur ágreiningur um þennan útreikning. Þá hefur upphafstíma dráttarvaxta ekki verið andmælt og ber að leggja hann til grundvallar í málinu. Verður því fallist á þrautavarakröfu stefnanda eins og hún er fram sett af stefnanda.

#### *4. Málskostnaður o.fl.*

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málarekstri þessum.

Vegna embættisanna dómara hefur dómsuppkvaðning dregist fram yfir frest samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Aðilar töldu ekki þörf á því að málið yrði flutt að nýju.

Ásmundur Helgason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**D Ó M S O R Ð :**

Stefndi, Magnús Trausti Ingólfsson, greiði stefnanda, Íslandsbanka, 2.996.547 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 19. október 2009 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Ásmundur Helgason